



Fréttabréf heimsforeldra  
Vor 2006

# HEIMSFÖRELDRAR

## SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA



## Kæra heimsforeldri

Í ár fagnar UNICEF 60 ára afmæli sínu. Barnahjálpar Sameinuðu Þjóðanna var stofnuð í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar til að hjálpa börnum í neyð. Þó svo að hlutverk UNICEF hafi stækkað til langtímaaðstoðar í þróunarlöndunum þá sinnir UNICEF enn neyðaraðstoð og stendur þar oftast en ekki fremst í flokki.

Þar sem UNICEF starfar í nær öllum löndum heims getum við brugðist skjótt við ef hamfarir eða önnur ósköp dynja yfir. Og það sem meira er, við verðum til staðar löngu eftir að athygli umheimsins beinist annað.

Í byrjun árs skilgreindi UNICEF neyðarástand í 29 löndum. Fréttir af flestum þessara svæða berast almenningi seint eða aldrei. Það þýðir samt ekki að UNICEF starfi ekki á svæðinu, en það gæti þýtt að erfiðara sé fyrir okkur að afla fjár til hjálparstarfsins.

Þegar neyð skellur á skiptir mestu máli að bregðast við eins fljótt og hægt er. Með því að bregðast skjótt við er hægt að bjarga fleiri mannlífum og koma í veg fyrir sjúkdómsfaraldra og vannæringu með einfaldari hætti en ella.

Til dæmis er betra að bólusetja börn og koma upp hreinlætisaðstöðu strax svo að sjúkdómsfaraldrar komi ekki upp.



Til að UNICEF nái sem mestum árangri í neyðaraðstoð höfum við hannað sérútbúna neyðarpakka sem hægt er að senda frá birgðastöð okkar í Kaupmannahöfn til allra heims-horna á skömmum tíma og með sem minnstum tilkostnaði. Í þessu fréttabréfi er að finna upplýsingar um þessa neyðarpakka og almenna neyðaraðstoð UNICEF víða um heim.

Um leið og þú sérð fréttir af hamförum eða stríði í fjölmiðlum, mundu þá að fyrir tilstilli þína og annarra heimsfor-eldra er UNICEF á vettvangi að veita börnum heilsugæslu, vernd, hreint vatn, menntun og umhyggju.

**Kær kveðja,**

Stefan Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.

## LEIKJAHORN



Hæ, ég heiti Maisha og bý í Naíróbí í Kenía. Í Kenía búa fílar, gíraffar, hýenur, ljón og flóðhestar. Stundum má jafnvel sjá gíraffana nálægt borginni! Ég bý í stóru hverfi sem heitir Kibera og eru húsin hér mjög fátækleg. Fjölskylda mín býr í einu herbergi og ég þarf að ganga langan veg til að baða mig og sækja vatn. Skoðuðu hin mismunandi heimili sem börn búa á um allan heim. Að hvaða leyti eru þess hús ólík þínum?

Líttu á myndirnar hér að ofan. Hvaða fimm atriði heldur þú að séu nauðsynleg öllum góðum heimilum? Kliptu myndirnar út og límdu þær inn í húsið. En bara þær sem þér finnst að séu NAUÐSYNLEGAR til að búa til gott heimili. Þú getur líka teiknað nauðsynlega hluti inn í húsið.

Útgefandi: UNICEF Ísland  
Laugavegi 42  
101 Reykjavík  
552 6300 / unicef@unicef.is

Verndari heimsforeldra er frú Vigdís Finnbogadóttir.  
Tengiliður heimsforeldra er Snjólaug Aðalgeirsdóttir.  
Framkvæmdastjóri: Stefán Ingi Stefánsson.  
Stjórnarformaður: Einar Benediktsson.

Forsiða: Myndir UNICEF frá hamfara- og átakasvæðum.  
Hönnun og prentun: Prentsmiðjan Oddi.



© UNICEF/Noorani

*Bijou litla er í skoðun á heilsu-gæslustöðinni Gheskio, sem stutt er af UNICEF og heimforeldrum.*

## Stuðningur við börn á Haítí

Bijou er 4 ára lítil stúlka frá Haítí. Foreldrar Bijou eru báðir látnir vegna alnæmis og hún og þrjú systkini hennar eru smituð af HIV. Þau búa hjá ömmu sinni sem reynir af veikum mætti að sjá fyrir þeim. Ef heilsugæslustöðin *Gheskio* útvegaði ekki lyf handa börnunum

fjórum væru þau líklega ekki á lífi í dag. Meira en 200 þúsund börn á Haítí hafa misst annað eða báða foreldra úr alnæmi og meirihluti barna og ungmenna veit ekki hvernig á að koma í veg fyrir smit.

Neyðarástand hefur ríkt á Haítí eftir stjórn málalegt umrót á síðustu árum og er landið eitt af fátækustu löndum heims. Nú hefur nýr forseti tekið við völdum og vonast er til að smátt og smátt muni landið byggjast upp að nýju.

**Stuðningur þinn skiptir máli:** Heimforeldrar og UNICEF styðja heilsugæslustöðvar eins og *Gheskio* sem veita HIV smit-uðum börnum heilsugæslu og aðstoð. Reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir smit frá móður til barns með lyfjagjöf og fræðslu. UNICEF sér einnig til þess að börn og ungmenni á Haítí fái almenna fræðslu um forvarnir gegn alnæmi.



© UNICEF/Noorani

*Þessi unga stúlka sækir skóla í flóttamannabúðunum Krindig í vesturluta Darfur héraðs. Hún, ásamt fjölda annarra barna, nýtur góðs af skólunum sem UNICEF og heimforeldrar hafa reist í Darfur héraði í Súdan og við landamæri Chad.*

## Uppbygging í Súdan

Talið er að 3,5 milljónir manna séu hjálparþurfi vegna átakanna í Darfur héraði í Súdan og þar af eru um 1,8 milljónir barna sem hafa upplifað mikið ofbeldi og óstöðugleika vegna átakanna síðustu árin. Mörg hver hafa ferðast á milli flóttamannabúða og aldrei fest rætur eða upplifað eðlilegt heimilislíf. UNICEF starfar á öllum sviðum neyðaraðstoðar í Súdan og sér fólki og börnum fyrir skjóli, heilsugæslu, fræðslu, hreinu vatni, bólusetningum og áfallahjálp.

**Stuðningur þinn skiptir máli:** Heimforeldrar og UNICEF hafa byggt tímabundna skóla, útvegað bækur, húsgögn í skólafornar og þjálfað kennara. Síðast en ekki síst hefur skóla- og leikjapökkum UNICEF verið dreift til fjölda barna. Aldrei hafa fleiri börn verið skráð í skóla í Darfur héraði. Við lok árs 2005 gengu nær 400 þúsund börn í skóla og þar af voru 46% stúlkur. Því er ljóst að þrátt fyrir átök hafa skólarnir í flóttamanna búðunum skilað miklum árangri fyrir börnin.

## Stuttar fréttir

### Fræðsla um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Eins og margir foreldrar hafa ef til vill tekið eftir var bæklingi um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna dreift til allra 6. bækkinga á landinu í mars síðastliðnum. Bæklingnum er ætlað að fræða börn og ungmenni um réttindi sín og skyldur. UNICEF gefur út bæklinginn í samstarfi við Prentsmiðjuna Odda og Námsgagnastofnun.

### Nýr tengiliður heimforeldra

Ólöf Magnúsdóttir lét af störfum hjá UNICEF Ísland í byrjun árs. Hún hlaut friðarstyrk Rótarý-sjóðsins í nóvember síðastliðnum og hóf tveggja ára mastersnám í alþjóða- og friðarfræðum í Ástralíu. Snjólaug Aðalgeirsdóttir tók við hennar starfi sem verkefnastjóri og tengiliður heimforeldra og bjóðum við hana velkomna í hópinn! Ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir er þér velkomni að hafa samband við hana í síma 552 6700 eða með því að senda tölvupóst á heimforeldri@unicef.is.

## Menntaverkefni í Síerra Leóne

Hjónin Ingibjörg Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt, og Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa, veittu nýlega 36 milljón króna til stuðnings menntaverkefnis UNICEF í hinu fátæka og stríðshrjáða landi Síerra Leóne. Framlagið veitir um 4.500 börnum tækifæri til að ganga í skóla og í landi þar sem aðeins 42% barna sækja nám er þetta gríðarlega mikilvægur stuðningur.



## Neyðarpakkar bjarga mannlífum

Birgðastöð UNICEF í Kaupmannahöfn sérhæfir sig í að þróa og senda hjálpargögn með sem minnstum tilkostnaði á sem skemmst tíma. Birgðastöðin getur pakkað og sent neyðargögn til hamfara- og átakasvæða á innan við sólarhring eftir að neyðarkall berst. Þess má geta að rekin er neyðarvakt allan sólarhringinn í New York til að unnt sé að bregðast eins fljótt við og hægt er, en hraði getur skipt sköpum fyrir líf barna.

Neyðarpakkar UNICEF innihalda allar nauðsynjar fyrir viðkomandi verkefni eða stað og notkunarleiðbeiningar fylgja með svo hægt sé að nota gögnin um leið og þeim er dreift til afskekktara skóla, heilsugæslustöðva eða flóttamannabúða.

Birgðastöðin í Kaupmannahöfn hefur þróað 30 mismunandi pakkka. Algengustu pakkarnir, þegar um neyðaraðstoð er að ræða, eru heilsugæslupakkinn (health kit), skólapakinn (school-in-a-box) og leikjapakinn (recreational kit). Birgðastöðin hefur einnig aðstoðað við uppbyggingu á öðrum þökkunarstöðvum í þróunarlöndunum sjálfum, og leggur mikla áherslu á að nýta sér vinnuafli á hverjum stað fyrir sig.



© UNICEF/McConnico  
David Beckham, velgjörðarsendiherra UNICEF, heimsótti birgðastöðina í Kaupmannahöfn þar sem starfsmenn unnu dag og nótt við að pakka gögnum til hamfarsvæðanna við Inlandshaf í byrjun árs 2005.



Fullbúnir skólapakkar í Kaupmannahöfn tilbúnir til sendingar.



© UNICEF/Noorani



Börn í Írak fá hér skólapakka UNICEF. Þörfin hefur verið mikil í Írak vegna stríðsins og afleiðinga þess. UNICEF lagði mikla áherslu á að koma skólunum

aftur í kennsluhæft ástand eins fljótt og auðið var og dreifði miklu magni af skólapökkum, auk þess að gera við skólabyggingar og koma upp hreinlætisaðstöðu.



© UNICEF/Grant



© UNICEF/McConnico

Flogið er með neyðargögn til hamfara- eða átakasvæða víða um heim.



© UNICEF/Brandt

UNICEF dreifði 1775 skóla- og leikjapökkum til þurfandi barna í Bandaríkjunum eftir að hvírfilbylurinn Katrina skall á strendur Louisiana, Mississippi og Alabama.



© UNICEF/Noorani

UNICEF styður þennan skóla í Darfur héraði í Súdan. Kennarinn, fröken Dalifa, hefur háskólamenntun og er hér að kenna börnum í þriðja bekk. Mikil þörf er á aðstoð í Súdan, enda um að ræða eitt flóknasta neyðarástand í heiminum í dag.



© UNICEF/Nesbitt

Strákar í flóttamannabúðum í Chad leika sér með fótbolta sem er úr leikjapakka UNICEF. Mikilvægt er að börn sem hafa gengið í gegnum erfiða tíma fái að gleyma sér í leik.

## Neyðarpakkar í Pakistan

Laugardaginn 8. október kl. 8.50 vöknudum íbúar í fjallahéruðum norðurhluta Pakistan við mikinn jarðskjálfta sem mældist 7,6 á Richter-skala. Aðeins klukkutímum eftir hamfarirnar hóf UNICEF að flytja teppi, föt, tjöld, sjúkragögn, fæðu fyrir ungabörn, sápur, vatn og vatnshreinsitöflur á svæðið. Hér má sjá börn og fullorðna njóta góðs af neyðarpökkum UNICEF.



© UNICEF/Zaidi

Stúlka og drengur trítla ánægð með nýja fatapakkann sinn. Sérútbúnum fatapökkum var dreift til barna til að vernda þau betur gegn vetrarkuldu í fjallahéruðum Pakistan.



© UNICEF/Zaidi

Hópur skurðlækna, sem starfa í sjálfbodavinnu, búa um fótbrot á dreng á heilsugæslustöð á skjálftasvæðunum. Drengurinn kom ekki á heilsugæslustöðina fyrr en sex dögum eftir jarðskjálftann, en skurðlæknarnir gátu gert að brotinu með hjálp heilsugæslupakka frá UNICEF.



© UNICEF/Pirozzi

Fjölskylda í Pakistan virðir fyrir sér hreinlætispakka frá UNICEF. Með því að dreifa hreinlætisvörum eins og sápum, brúsum, vatnshreinsitöflum og öðru slíku er hægt að koma í veg fyrir sjúkdóma sem oft vilja koma upp í búðum þar sem mikið af fólki hefst við.



© UNICEF/Ryberg

Karlmaður sækir lyf fyrir tveggja ára son sinn, Ifrat, þar sem UNICEF er að dreifa hjálpargögnum úr heilsugæslupakka. Yfir 60 slíkum pökkum var dreift til jarðskjálftasvæðanna á einum mánuði.